

Valgerður Benediktsdóttir
Ferðalag með þér
Vaka-Helgafell
2001

55 bls.

Prúð ljóð

Flest ljóðin í nýútkominni bók Valgerðar Benediktsdóttur, Ferðalag með þér, eru einkennandi fyrir nútíma-ungskáld. Flest ljóðin eru stutt; aðeins ein mynd, hugsun eða orðaleikur. Þetta er falleg bók með prúðum ljóðum um mannlífið, birtu og sól, kvöld og skugga. Bókin skiptist í fjóra hluta og er annar hluti lengstur. Þar er hárfínum húmor lætt inn með vísun, t.d. í ljóðinu Sannindi (21) og Úr ævintýrabókinni:

Vakna í ókunnu húsi
hleyp niður stigann en
grautarskálarnar enn ósnertar
sný við – kannski er minn tími ekki
kominn
man ekki eftir
öðrum eins svefni en
sé þá þyrnana fyrir utan
(24)

Skemmtilega hugmynd um lífið og skáldskapinn má sjá í ljóðinu Nýtt líf:

Tók eftirlætisskáldverkin
klippti blindandi síður úr hverri bók og
hefti saman

Fólk kom og fór
öldungis ófyrirséð

Eins og hér
fyrir utan
(22)

Í ljóðinu speglast veruleikinn í skáldskapnum og hefði verið fróðlegt að sjá meira glímt við þetta efni. Fjórði hluti bókarinnar snýst um dauðann, kveðjustundirnar og tímann. Þar eru bestu ljóðin enda skynja lesandinn að þar býr meira undir. Ljóðið Stjörnu bjart sem prýðir baksíðu fallegrar bókarkápu skartar hugljúfum orðum sem skapa sérstaka og notalega stemmningu: ljósofin sæng, kvöldvott gras og árhvísl. Síðasta ljóðið í bókinni er um hringrás tímans og nýtt upphaf sem myndhverft er býsna kunnuglega sem ilmandi rós og suðandi fluga.

Myndmálið í bókinni er fagað, fínþússað og hvergi nykrað. Dæmi úr ljóðinu Dagmána: „...situr eins og tröll / sem dagað hefur uppi / með stirðnað glottið / á steinvörum“ (12) og úr Draummynd: „Skuggarnir rákast / niður líkamann eins og / rimlar / Þannig dreymir mig þig / Fangi / í / sólar- / búri ...“ (17). Hvert ljóð er

heildstætt, myndmálið rökrétt, þaulhugsað en aldrei óvænt. Hér eru engar nýjungar á ferð og engin áhætta tekin hvorki í formi né efni. Það er stærsti galli bókarinnar. Of mörg ljóð leiðast út í tilgerð og eru orðin tóm, t.d.:

Fugl

Þú ert fjall

og ég

á leið hjá
(9)

Kvöldfuglar

Vængjað land
í hafi

og hverfur
þegar birtir
(18)

Ljóðabækur á borð við Ferðalag með þér sýna vel kreppu ljóðsins á þessum síðustu og verstu tímum. Bókin er átaka- og tilþrífalaus og engin ögrun í ferðalaginu. Ekkert nýtt ber fyrir augu ferðalangsins, hér eru troðnar slóðir fetaðar og öryggið tekið langt fram yfir efa og óvissu.

Steinunn Inga Óttarsdóttir 2001